hindum, þá getur það ótvírlega
rentað sig, síðan meir.

Ef þér ættuð t. a. m. reikningsbók og spjald; blek, penna, pappír og fl. smávegis til ritstarfa og svo svolítið af góðum bókum, og notuðu tækifærin, til þess að æfa yður í skrift, réttritun, reikningi, og að lesa góðar bækur — þá væri tímanum varið vel. — Og ef þér verjið hverri stund frá vinnu yðar til hygginda og fræðslu fyrir yður, þá farið þér vel með tímann og verðið mikla ánægðari og sælli með lífið.

Guð gefi yður, piltar og stúlkur réttan skilning á þessum fljóthugsuðu línum hér að framan — og guð gefi að þær verði yður til heilla.

---

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.

# Morgunstjarnan.

| 1. ár. | 8. jan. 1897. | № 7. |
|---|---|---|

## Gleðilegt nýttár!

Gleðilegt nýtt ár! góðan dag!
Guðs sonur styrki allra hag. —
Á nýju ári, blessist bú,
bjargræði, heilsa, ást og trú. —
Á nýju ári, hverfi hryggð,
hjartasorg, kvöl og tál og lygð. —
Á nýju ári, neyð ei saki;
á nýju ári, framför vaki. —
Með nýju ári, árla á fætur,
alfaðir sorgir hverfa lætur. —
Upp, upp, frá köldum dauðans drunga,
dreif burtu öllum sálar þunga. —

Kærleikanssólin skíni skær-
skugga burt hrekji nær og fjær
hún þíði klaka úr kaldri jörð
kveiki ljós yfir manna hjörð. —
Í kærleikans nafni, komi ár!
Kærleikinn læknar sorg og tár.

---

## Meðferð á skepnum.

Ást þín til dýranna
verður þér sjálfum til
gagns og blessunar.

Það er ómögulegt annað enn
öllum þeim, sem hafa „hjartað
á réttum stað", renni til rifja,
þegar þeir sjá illa meðfarnar
skepnur, hvort sem það er nú
af því, að þær hafa verið píndar
úti að vetrinum, með harðýðgi
og miskunarleysi, ellegar þær eru
allar sundur flakandi í sárum,
eins og oft er tilfellið með hross

in, og í bráðræði áskuðu þess, að
þeir geta lagt svipað „ok" á böðla
þeirra litla stund — aðeins fáar
klukkustundir — til þess að þeir
þess betur geta skilið kvalir þær
sem búpeningur þeirra er undir
orpinn — búpeningurinn, sem
öll þeirra líkamlega vellíðan er
byggð á — ef það kynni að opna
á þeim augun, því marg reynt er
það, að „skaðinn" getur það ekki,
og megnar hann þó mikils.
Þetta þykir, ef til vill, „barbarisk"
hugsun, enn mér finnst hún eftir
kringumstæðunum eðlileg.
Það er víst ekki nokkurt land
um allan hinn „menntaða heim"
sem hefur jafn „sleggilega" lagaákvæði
um verndun dýranna fyrir illri
meðferð, og illa framfylgdum af
handhöfum þeirra, og ættum

land, Ísland. Það er því vaxandi menntun hvers einstaklings þjóðarinnar, er verður að bæta úr þessu, og vekja menn til hugsunar um, hve ósæmileg „dýrapintunin“ er.

" " "

1. Verið vinir dýranna en ekki böðlar þeirra.
2. Sjáið um, að húsin, sem dýrin eru höfð í, séu hrein og að allt sé í röð og reglu, því það verður, eitt með öðru, til þess að kenna ykkur hirðusemi og reglusemi, sem hvoru-tveggja eru ómetanlegir dýrgripir.
3. Gætið þess ávalt, að hafa gott loft í húsunum, sem dýrin búa í, því þau þurfa að engu síður hreint og gott loft en þið sjálfir, og geta ekki án þess þrifist né lifað. Gætið þess líka að þær hafi nóga birtu og gott „pláss“. Gefið þeim fóðrið ávalt á sama tíma (þegar þeim annars er gefið), hæfilegt fóður, og ef mögulegt er, að það sé hollt og gott og vatnið sé hreint, því það er æfinlega hægt.
4. Þvoið daglega þau ílát sem skepnurnar drekka úr, eða þið gefið þeim í, ef þeim er gefinn matur, því með því komið þið í veg fyrir ýmsa sjúkdóma, er þær geta annars fengið aðeins fyrir óþrifnað. Sjálfra ykkar vegna, skuluð þið halda mjólkurfötunum hreinum, og strjúka, (helst með deigri rýju) vel júfur kúnna og þvo óhreinindi af höndunum áður byrjað er að mjólka.
5. Haldið skepnunum hreinum, svo sem hægt er, því með því, þrífast þær betur og verða ásjálegri og útgengilegri og í hvert skipti er

þið venkið þær eða gefið þeim, þá gætið þess vandlega hvort nokkuð muni ganga að því.

6. Rækið ekki hvíldar- og svefn-tíma skepnunnar, að þarflausu, enn reynið að láta fara svo vel um þær sem unnt er, því þá safa þær og hvílast betur.

7. Gætið við og við eftir reiðingunum ykkar, hvort þeir munu ekki meiða hestana, þegar á að fara að brúka þá. Notið „pískinn" svo lítið sem frekast er unnt, heldur fáið þá til þess að hlýða ykkur með góðu, gerið þið þetta, sýnið þið að þið hafið skynsemi, og fáið að reyna að hestarnir hlýða ykkur með fúsara geði – ekki af þrælsótta – og verða ykkur mikla ánægjusemi og geðfeldari.

8. Ef dýrið verður veikt, þá reynið að hjálpa því á réttum tíma og á réttann hátt. Varist allar fljótfærnislegar „hrossalækningar", enn takið heldur hreinlega af því lífið.

9. Verið ætíð þolinmóðir við hestana ykkar, (eins og auðvitað við allar skepnur), einkum þegar þeir eru fælnir og hræddir, eins ríður ykkur á, að hafa þolinmæði við þá, sem illa eru lyntir, og ekki síst að gæta þess, þegar verið er að járna þá. Lipur og skynsamleg aðferð við dýrin verður oft til þess að útrýma ýmsum slæmum eiginlegleikum þeirra.

10. Gætið þess ávalt, að misþyrma ekki skepnunni, því það er beint á móti lögum og vilja Guðs, skepnurnar verða svekkingarlegar, dómfær á svip-=

inn, kvampnar og svo frv. og allir almennilegir menn fá skömm á þeim er það gjöra. Aftur á móti mun allt það, er þið gjörið skepnunum gott, bera ykkur góða ávexti og þið verðið aðnjótandi velþóknan guðs og góðra manna.

11. Þið, sem komnir eruð til fullorðins ára, leyfið ekki börnunum að skemmta sér við það að drepa eða kvelja smá pöddur eða dýr, það það gjörir þau harðbrjósta og ómiskunsöm við dýrin. Handbannið þeim það en innrætið þeim ást og velvild til þeirra, hvort sem þau (dýrin) eru á háu eða lágu stigi í dýraríkinu. Minnið þau á, að smáu dýrin eru sköpuð af þeim sama og stóru dýrin og að sá sami hefir skapað þau sjálf.

4.

# Nokkur orð um bindindi.

Flestum er það kunnugt, hverjar afleiðingar vínsafnautnin hefur á all-flesta sem halla sér að hennar hála og táldræga barmi, og væri því óskandi, að sem flestir framfara og mennta-menn þjóðar vorrar, legðu sitt ítrasta og besta til að koma í veg fyrir þær skaðlegu afleiðingar sem hún getur haft í för með sér.

Það er sárt að sjá unga og efnilega menn, fást of mikið við þann eyðileggjara og falsara. Hann spillir heilsunni og eyðileggur alla góða og nauðsynlega hæfileika sem maðurinn er gæddur með, og gjörir manninn að viðurstyggð og athlægi. Eg tek til dæmis, að ég kom í kaupstað sumarið 1896 og sá fornkunningja minn liggja við búðardyrnar, það

var, auðvitað, búið að fleygja hon-
um út úr búðinni, fyrir aðgjörðir
Bakkusar gamla. Einnig sá ég að
stöku menn, sem fram hjá gengu,
gjörðu sér að skyldu að reka í hann
fætur og segja að mál væri að vakna.
Ég fór til með einum félagsbróður
mínum og tók þenna dauða drukkna
förnuin minn, upp, undan hunda
og manna fótum, en fékk í staðinn
ósæmileg orð og smá olnbogaskot
hjá þeim ringluðu meðbræðrum. Ég
þekkti þenna mann vel; við vorum
saman unglingar og kom hann
ætíð vel fram, í hverju sem var
og hafði bestu hæfileika bæði
til sálar og líkama, þá gat Bakk-
us lagt hann svona niður í
sorpinu og er þetta dálítið dæmi
upp á það, hvernig ofdrykkjan

steypir mönnum niður í fyrir-
litning og niðurlæging og ekki
svo ósjaldan að ölvaðir menn hafa
framið þau hryðjuverk, sem þeir
hafa aldrei beðið bætur á alla sína
æfi. — Ég vil því tala til ykkar,
framfara hetjur nú tímans: má
þetta svona ganga? Ég veit þið
segið nei! En hvert er þá ráðið
við þessum meinvætti? Einungis
að ganga í bindindisfélag, bræður
góðir! Það er fagurt og blessunar-
ríkt fyrirtæki, sé það vel haldið
Já, ég segi vel haldið. — Það getur
borið til að bindindi sé naumast
annað en yfirskin; en slíkt er
ódrengilegt og má alls ekki eiga
sér stað; en sem betur fer, eru
slík bindindi sjaldgæf. En það er
ekki svo að skilja, kæri lesandi!
að ég beri neitt vantraust til nú-

tíðar manna sem kynnu að vilja
efla framfarir sínar í þessu
tilliti, og leyfi mér að hamast
svo að orði, þótt sumum kunni að
sýnast það lítið í framfara átt,
því margur kann að hugsa eða
segja sem svo, mér er ekki þörf
á að fara í bindindi, þó ég
skvetti í mig 2–3 á ári, það
gerir lítið til. En þetta er af-
skaðlegur hugsunarháttur, því
þér getur orðið það á að gefa, til-
hneigingunni af langann taum-
inn, án þess, að því gáir að því.
Margur er kærn að lokka ann-
an í sömu fordæming og hann
stendur í sjálfur, því er besta ráð-
ið að bergja ekki á áfenginu.
Já, ofdrykkjan er eitruð kind;
hún gjörir manninn sjónlausann,
heyrnarlausann og miskunar-

lausann við skepnurnar sínar.
Það kemur eigi svo ósjaldan
fyrir að ölvaðir misþirmi hestin-
um sínum og ættu þeir menn
vissulega að hvíla undir hegn-
ingarlögunum.

Dalbúi.

## Þó ég sé ekki í „Lestrar-félagi Silfrast.sóknar", dirfist ég þó að senda blaði félagsins „Morgunstjörnunni", línur þær, er hér fara á eftir. —

Hér í framparti prestakallsins
er það alveg spánýtt stig á vegi
menningar og framfara, sem þessir
fáir menn hafa stigið með að
stofna lestrarfélag, á síðastliðnu
sumri. Nýtt er það líka að sveita-
blað sjáist á þessum stöðvum,
og er hvorttveggja gleðilegur

vottur um vaxandi menntun og
menningu. — Enda mun einhver
hinn mesti framfara og mennta-
vinur — sem hér er í þessari sveit —
vera frömuður þessa fyrirtækis;
og sem er: herra Baldvin barna-
kennari Bergvinsson; og á hann
sannarlega þakkir skilið fyrir
þá menntalöngun, sem hann
hefur vakið í brjóstum ýmsra
hér í sveit; — og ættu nú allir
(sem þá sérstaklega félagsmenn
hans) að styrkja hann og styðja
með útgáfu þessa litla sveita-
blaðs, sem hann mun eingöngu
hafa gengist fyrir að út yrði
gefið í félaginu.

---

Hér í þessum hreppi er lítið
um fundarhöld, sem víða annar-
staðar.

Auk hinna lögskipuðu hreppa-
skila þinga, eru aðeins þrír almenn-
ir fundir haldnir ár hvert, það eru:
1. búnaðarfél. fundur, 2. Kaupfé-
lagsfundur og 3. svo nefndur fá-
tækrafundur. Tveir hinir fyrr
töldu, hafa stundum verið haldnir
sama daginn og má nærri geta, hvað
mikið muni vera vert um heill
og hag hvers félags, út af fyrir sig,
þegar tveir fundir eru haldnir
sama daginn, ekki síst þegar fund-
ur er ekki settur fyrr en nær
miðjum degi, sem stundum mun
við bera. Enn hvað er funda-
sóknin? Verst, álít ég, hvað bændur
sækja illa þessa fáu fundi og munu
þeir vera á eftir nágranna hreppa-
búum sínum í því. Ég veit t.d. í
Lýtingsst. hrepp, sækja menn vana-

lega — og jafnvel afinlega - ágætlega fundi, og er það all-títt þar, að margir lausamenn og vinnumenn sækja opinbera fundi, og er slíkt nauðsynlegt, margra hluta vegna.

Það hefur komið fyrir hér, að einn bóndi er gerður út af tveimur og þremur, t. a. m. á hreppaskil. Þetta er ákaflega óheppilegt, t. d. þegar þarf að viðhafa nafnakall og m. fl. — Um þetta skal ég ekki vera fjölorður að þessu sinni, ég vona einungis að þið, bændur! íhugið hvað það er nauðsynlegt að þið sækið vel fundi þá, sem haldnir eru, til þess, að halda uppi sveitamálum og ræða þau. Afskiftinn.

## Heiðruðu félagsmenn!

Ég efast ekki um, að margir af ykkur, finni til þess, hve margt gengur á tréfótum hjá almenningi, og það sé margt sem þurfi að laga og leiðrétta. Eitt af mörgu er **verslunin**: eitt hið mesta velferðarmál sveitar- og þjóðfélagsins, og hefur nú „Morgunstjarnan" flutt lesendum sínum allgóða vitgjörð um það mál.

Setjist nú niður og skrifið í blað ykkar og látið í ljósi álit ykkar á ýmsum velferðarmálum sveitarinnar. Við það þroskast og vex hin unga „stjarna" og ber skærari birtu inn í félag ykkar.

Þó þið séuð fáir félagsmenn, eru þið nógu margir til að fæða og uppala „hina ungu meyju"

ef þið hafið hugfastan þenna sannleika (úr Hávamálum): „Ár skal rísa, sá er á yrkendur fá.“ — Þetta er spakmæli sem aldrei fyrnist og er í sér felur nær því himnesk sannindi og hið besta heilræði fyrir aldna og óborna. „Ár“, merkir: snemma eða árla og mætti snúa setningu þessari, á þessa leið: Sá er á fáa menn, til þess, að ganga að vinnu fyrir sig, hann skyldi snemma rísa úr rekkju sinni, til starfa síns, ef hann vill nokkru til leiðar koma.

Þessi setning á mjög vel við ykkar litla félag og felur í sér sterka áminningu, til ykkar, og ættu þið að hafa hana í minni og láta hana minna ykkur á, að halda áfram starfa ykkar og uppgefast ekki, þótt ýmsar tálmanir kunni að koma fyrir ykkur.

Ykkur mun nú þykja, að ég sé farinn að verða nokkuð margorður, enda fer ég nú að hætta og vona að „Morgunstjarnan“ geti þróast og lifað, hjá ykkur, og að þið látið hana eigi svelta.

Að endingu óska ég félaginu gleðilegs árs!

Ó „Morgunstjarnan“ mæra og hin unga, Mennta gleði ljós í ykkar sál. Kastið burtu deyfð og öllum drunga, Dagsins nútíð það er ekkert tál.

Ó, látið ei hinn litla neista deyja, Sem lifnaður er nú í ykkar sál; Helst mun gleða hann, hin unga meyja; Hinni

hafist — það er ekkert tál.
Ó, takið saman traustum
félagshöndum, Til að vinna
sjálfum ykkur gagn. Þjötrist
ei af frelsis-deyfðar böndum.
Framsókn hefjið — reynið krafta
magn.

Og ryðjið ykkur mennta-brautir
bjartar, Og búið með því niðjum
ykkar gagn. Fordist götur þá-
kenskunnar svartar. — Framsókn
hefjið — reynið krafta magn.

Margskiftinn.

## "Nýtt" og gamalt.

Fyrir 40 árum, fór ég að veita
mannlífinu eftirtekt í kringum mig,
og vil ég með fáum orðum minnast
á hvernig það var þá, og hvernig það
er nú. Vil ég þá fyrst tala um með-

ferð á mönnum og skepnum —; og
var þá miklu ver farið með búpening
enn nú gerist, að undanteknum
hrossunum, sem alltaf er farið ver
með enn skyldi. Þá voru hross minn
brúkuð enn nú, því þá voru ekki
farnar nema 2—3 ferðir í kaupstað
á ári — fyrir 6—7 nú sumstaðar og
máski líka fleiri. Hitt hefur haldist
við að hrossum er ætlað illt og lítið
fóður, sem er þó varasamt, og bæði
synd og skömm að láta hross sín
standa úti í vondum veðrum og
oft horuð, á gaddinum; — og ætti
menn að hafa það hugfast, að hafa
hrossin færri og fara betur með
þau, því það yrði affara betra;
enn þó tekur út yfir, þegar menn
berja hross sín áfram á vondum
vegi, undir þungum böggum eða

vida mjög illa, og lofa hrossunum
ekki að kasta mæðinni — og er ég
viss um, að það verður ekki minnsta
syndin, sem hvílir á baki okkar
Íslendinga, hvað illa við förum með
og höfum farið með, þær skepnur,
sem við höfum undir höndum, og
væri óskandi, að meðferð á öllum
skynlausum skepnum, færi batn-
andi.

Það sem meðferð á mönnum snertir,
var fyrrum miklu meiri harðneskja
brúkuð, einkum börn, heldur enn
nú gerist; þá voru börn látin
vinna miklu meira enn nú og
vanin við harðari kjör, enda voru
þá harðari menn, enn nú tíminn.
Hreint ekki get ég hælt því, að fara
illa með börn, því það á alls ekki
að eiga sér stað, enn hitt álít ég

skynsamlegt og sjálfsagt, að venja
þau við vinnu og láta þau hlýða
sér; eins að kenna þeim skrift og
reikning, því það þarf hver maður
að kunna; enn hitt álít ég óþarfa
að kenna börnum dönsku og margt
fleira „bríarí", sem þau hafa engin
not af.

Enn þá er mesti munurinn á
barnauppeldinu í andlegan máta,
því börn voru látin læra talsvert
meira af guðsorði, enn nú gerist,
og halda því við fram á fullorðins-
árin. Þá var lesinn húslestur á hverj-
um bæ, allann veturinn og það fram
að hvítasunnu; nú enn margir
hættir þeim vana, og þekki ég nokkra
bæji, sem sjaldan eða aldrei er les-
inn húslestur á, árið í kring; enda
lítur svo út, að sumt af ungu fólk-

inn sé farið að skammast sín
fyrir að láta sjá nokkur guðrækni-
merki á sér — og sýnist mér það fara
daglega í vöxt. Þegar ég var ungur,
bað hver maður Guð að blessa sig og
matinn sinn; og eins báðu vinnuhjú
og gestir guð, að launa húsbændun-
um fyrir sig. Ef einhver gjörði þetta,
nú á dögum, mætti búast við því,
að hlegið yrði að honum og hann
hafður í skopi. — Að vísu þekki ég fáa
menn, sem halda hinum gamla sið,
að signa sig yfir mat sínum, heima
hjá sér — enn það gjöra þeir ekki
annarstaðar, því þeir vilja ekki verða
að athlægi þjóðarinnar; mér finnst
allt líta að því sama, hvað guðrækni(na)
snertir, menn fara sjaldan til kirkju,
þó þeir hafi fullgóða presta, og
sumt af fólki gengur aldrei inn

að borð náðarinnar; — enn hitt
þykir mönnum skemmtilegt, að
halda „böll“ og dansleiki og það
stundum á þeim dögum sem guði eru
ætlaðir til þjónustu, og er hryggilegt
til þess að hugsa.

Ég þykist vita, að fólki muni
þykja ég vera nokkuð grófur og jafn-
vel ósanngjarn, í þessum fáu línum,
enn ég held þó að ég geti sannað að
mín, og vil ég biðja fólk að forláta
mér, þótt ég sé svo [illegible] að segja
sannleikann. Kveð ég ykkur svo,
mínir bræður og systur! með óskum
allra heilla og fel ykkur guði á
vald.

Biðjum guð af hug og hjarta,
hans að lífsins orðið bjarta
lýsi oss í dauðans dal:
Friðarins á fagrar leiðir,

fótspor var hann jafnan greiði
að finnum dýpðar fagrann sal.
Bárali.

„Þar sem hinn „heiðraði „höfundur
segir, í grein sinni hér að framan,
að: „óþarfi sé að kenna börnum
dönsku og margt fleira „bríarí", sem
þau hafi engin not af", þykir
oss að hann fari þar helldur langt
með aðfinningar sínar. Fyrst og
fremst er börnum vanalega ekki
kennd danska, það vill varla til,
— vér höfum kennt t.d. 300 börn-
um og engu barni kennt dönsku
— enda hafa þau þá nóg annað
að læra; en þótt unglingar
fermdir og ungt fólk, yfir höfuð
að tala, læri sumt dönsku, er
það í alla staði manmlegt og
ættu sem flestir að gera það.

Danskan er bæði gagnleg og
skemmtileg; og það væri vissu-
lega skemmtilegra og gagnlegra,
að geta talað við danskinn
sjálfan, heldur enn að láta
hann teyma oss, eins og blind-
ann sauð, út í skuldir og þar
af leiðandi basl. Líka eru
margar og góðar bækur á dönsku
sem ekki er auðið að fá að lesa
á íslensku. — Vér getum ekki enn
fengið svo margt, sem vér þá
daglega þurfum við, nema fá
það hjá danskinum!
Að börnum sé kennt „margt
„bríarí" (óþarfa), þekkjum vér
ekki til.

Ritstjórinn.

## „Meira Ljós"

stóð í „Morgunstjörnunni" hér um daginn. Sú grein, hafði mikil áhrif á mig, sem margt fl. í því góða og skemmtilega blaði. Já, sannarlega þarf víða meira Ljós. Og þó maður hverfi nú frá hinum andlega skilningi þessa orðs — þá þarf meira Ljós samt. Það þarf meira Ljós í Silfrastaðakirkju heldur enn mönnum sýndist vera á sjálfum jólunum í vetur. Það var bara stór ~~munk~~ mínkun, að setja aðra eins aumingja týru í kirkjuna, þann dag. Til hvers eru Ljóstollar goldnir, ef ekki má hafa bjart í kirkjunni á sjálfri jólahátíðinni?

Bóndi.

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.


# Morgunstjarnan.

ár. | 23. jan. 1897. | № 8.


## Stjarnan mín.

Lag: Þú stjarnan mín við skýja skaut.

Ó, þú, míns hjarta, sólar-sól!
mitt sæta lífsins yndi;
þú ert mitt blíða náðaskjól
í öllum mótgangs vindi.
Þú ert mitt sálar Ljúfa Ljós,
sem logar skærst í hörmum.
Þú faðmar mína fr[ed]nu rós
með friðargeislum vörmum.